

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Sampykkt:SHJ		
Síða 1 af 2	Líffæra-og lífeðlisfræði (LOL203)	
	Kennsluáætlun haustönn 2014	
	Fjarnám.	


Kennari	Börkur Már Hersteinsson	Sk.st.	BÖR
----------------	-------------------------	---------------	-----

Vika	Námsefni	Verkefni
37 7.-13. sept.	11. kafli: Heilblóð, blóðvökvi og blóðfrumur, blóðflokkar, haemostasis, blóðstorknun.	HV I (5%)
38-39 14.-27. sept.	12. kafli: Gollurshús, hjarta, hjartalokur, gangráður, leiðsluferfi, EKG, kransæðar, hjartahringur, systola, diastola, útfall hjarta.	HV II (5%)
40 28. sept-4. okt.	13. kafli: Blóðæðar, hringrásir, blóðs, blóðþrýstingur. Vessi, vessaæðar, vessalíffæri.	HV III (5%)
41-42 7-18. okt.	14. kafli: Almennar varnir, sértækar varnir, T-frumur, B-frumur, frumumiðlað ónæmi, mótefnamiðlað ónæmi, mótefni, mótefnavaki.	HV IIII (5%)
43 19.-25. okt.	15. kafli: Öndunarkerfi, öndunarvegur, lungnablóðrur, lungu, loftskipti, öndunarhreyfingar, flutningur lofttegunda með blóði, stjórnun öndunar.	Miðannarpróf 10% HV V (5%)
44-45. 26. okt -8. nóv.	16. og (17). kafli: Meltingarfæri, mólun, efnamelting, meltingarensím, stjórnun meltingar.	HV VI (5%)
46 9.-15. nóv.	18. og 19. kafli: Þvagkerfi, nýru, nýrungur, þvagmyndun, þvagstillivaki, vökvahólf, vökva- salta vægi, sýru-basa vægi. Hlutverk lifrar.	HV VII (5%)
47-48. 16.-27. nóv.	20. kafli: Æxlunarkerfi, kynhormón, sáðfrumumyndun, eggjamyndun, tíðahringur, frjóvgun, fósturvísir, utanfósturhimnur, fylgja, naflastrengur, meðganga og fæðing.	HV VIII (5%)

Tegund	Námsgögn (nafn bókar og nánari lýsing á gögnum)
Bækur	Líffæra og lífeðlisfræði, (Solomon - Phillips) þýð. Reginu Stefnisdóttur, seinna hefti. IÐNÚ 1995.
Vinnubók	Vinnubók, myndir og glósublöd.

Námsmat	Lýsing	Vægi
Skriflegt	Annarpróf / lokapróf í maí.	50%
Miðannarpróf	Próf á önninni u.þ.b. Í 9. viku. ATH: Ekki verður boðið upp á upptöku á miðannaprófinu vegna veikinda heldur verður lokaprófið fært upp í 60%.	10%
Frammistaða á önn	Heimaverkefni á MOODLE átta stykki, 5% hvert.	40%

ATH: Nemandi þarf að fá **a.m.k. 4,5** í lokaprófi til þess að vetrareinkun gildi til lokaeinkunnar.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2		
Líffæra- og lífeðlisfræði (LOL203)		
Kennsluáætlun haustönn 2014		
Fjarnám.		

Áfangamarkmið:

Að loknu námi í áfanganum á nemandi að:

- Þekkja megingerðir blóðfrumna, einkenni þeirra og hlutverk og vita hvar þær myndast.
- Geta útskýrt á hverju ABO og Rhesus blóðflokakerfin grundvallast.
- Þekkja byggingu hjarta og geta rakið streymi blóðs um hjartað.
- Þekkja leiðslukerfi hjarta og geta útskýrt eðli hjartsláttar.
- Geta útskýrt hvað EKG er og til hvers það er notað.
- Geta borið saman byggingu og hlutverk mismunandi blóðæða.
- Þekkja leiðir blóðs um líkamann í meginhringrás, lungnahringrás og portæðakerfi lífrar.
- Kunna skil á þeim þáttum sem ákvarða blóðþrýsting og vita hvernig þeim er stjórnað.
- Þekkja helstu þætti almenna varnarkerfisins og geta útskýrt muninn á almennum og sértækum vörnum líkamans.
- Þekkja B- og T-eitilfrumur og geta borið saman frumumiðlað ónæmi og mótefnamiðlað ónæmi.
- Þekkja byggingu og starfsemi öndunarkerfisins og þátttöku þess í samvægisstjórnun.
- Þekkja hugtök yfir rúmtak lungna og geta útskýrt ferli inn- og útöndunar.
- Geta útskýrt hvernig súrefni og koltvíoxíð flyst með blóði.
- Geta útskýrt stjórnun öndunar og rakið þætti sem hafa áhrif á hraða og dýpt öndunar.
- Þekkja hvað felst í hugtakinum melting og geta skilgreint muninn á mölun og efnameltingu.
- Þekkja byggingu og starfsemi bæði aðallíffæra og aukalíffæra meltingar.
- Þekkja helstu meltingarensímin og áhrif þeirra.
- Geta lýst ytri og innri byggingu nýrna og útskýrt starfsemi þeirra.
- Geta lýst byggingu nýrungs og tengt hana við þrjúþætt ferli þvagmyndunar.
- Geta lýst byggingu og starfsemi líffæra í æxlunarkerfi karla og kvenna.
- Geta gert grein fyrir hormónastjórnun í æxlunarkerfi kvenna, tíðahring og þroskun eggis.

Áfangalýsing

Meginmarkmið: Að nemandi dýpki skilning sinn á byggingu og starfsemi mannlíkamans og þjálfist í að nota hugtök líffærafræðinnar. Að nemandi hafi staðgóða þekkingu á byggingu og starfsemi hringrásarkerfis, vessakerfis, öndunarkerfis, meltingarkerfis, þvagkerfis og æxlunarkerfis og geri sér grein fyrir hlutdeild þeirra í samvægisstjórnun. Í áfanganum er farið í latnesk heiti líffæra- og líkamshluta. Blóðinu eru gerð skil, farið í eðliseinkenni þess, efnasamsetningu og hlutverk, blóðfrumur og einkenni hverrar gerðar. Blóðflokakerfið er útskýrt og farið í ferli blóðstorknunar. Farið er í byggingu hjartans og lífeðlisfræði hjartavöðvans. Farið er í byggingu og starfsemi blóðæða og hringrásir blóðs um líkamann. Blóðþrýstingur og blóðþrýstingsstjórnun er útskýrð. Farið er í byggingu og hlutverk vessakerfisins og gerð grein fyrir varnarkerfi líkamans. Byggingu og starfsemi öndunarkerfis eru gerð skil svo og stjórnun öndunar. Farið er í byggingu og starfsemi meltingarkerfisins. Starfsemi nýrna er útskýrð og byggingu þvagkerfisins gerð skil. Farið er í vökva-saltvægi ásamt sýru-basa stjórnun. Farið er í byggingu og starfsemi æxlunarkerfanna og hormónastjórnun æxlunar útskýrð. Fósturproski er útskýrður svo og hormónastjórnun meðgöngu.

ATH: Glósur úr áfanganum eru inn á MOODLE. Skráningarlykillinn er: vma101203f

Dagsetning: 03.sept. 2014.

Böcher
Undirritun kennara

Kristján Tryggvason
Undirritun þrutarstj., fagstjóra staðgengils